



Til:

Efni:

Upplýsingar:

petur@utu.is

Re: 1501092 - Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Endurskoðun

Sent: 13.11.2017 14:25:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017100008, Bréfalyklar: 42-0 Um  
almennt

---

Tilvísun í mál: 2017100008 (í vinnslu)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 11. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili um deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum skv. 68. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfissstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Þar sem

Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga hefur stofnunin því miður ekki yfir að ráða mannafla til að rýna tillögur sveitarfélaga að aðalskipulagi. Engu að síður vill stofnunin koma með nokkrar almennar ábendingar eftir að hafa farið yfir gögn málsins þó ekki hafi unnist tími til að skoða tillögurnar ítarlega. Hafi Skeiða- og Gnúpverjahreppur áhuga á að leita til stofnunarinnar um álit á einstökum þáttum við frekari vinnslu skipulagsins verður reynt að bregðast við því eftir bestu getu. Eftirfarandi athugasemdir eru því fyrst og fremst almennar ábendingar með áherslu á náttúrufar og náttúruvernd.

Almennt má segja að í skipulagstillögunni sé tekið á flestum þeim þáttum sem skipulag þarf að fjalla um og hefðbundin skipulagskort fylgja. Í greinargerð um forsendur og umhverfisskýrslu er einnig góð yfirferð um almennar forsendur skipulagsins og náttúrufar og í kafla 4 er gott yfirlit um tengingar við ýmsar stefnur, áætlanir, lög um náttúruvernd og alþjóðasamninga. Einnig kemur fram í greinargerð með skipulaginu að landbúnaðarland er flokkað og t.d. í kafla um skógrækt og landgræðslu kemur fram að taka þurfi tillit til þeirrar flokkunar en þar er einnig tilvísun í 61. gr. laga um náttúruvernd. Minna fer hins vegar fyrir kortum sem lýsa náttúrufari og skipulagið ætti að byggja á að hluta. Í kafla 2.6 er umfjöllun um vendarsvæði og minjar.

Þó aðalskipulag sé ekki eins nákvæmt og deiliskipulag hefði mátt hafa einhverja greiningu á náttúrufari almennt t.d. vistgerðarkort og greiningu á helstu vistlendum og búsvæðum tegunda, sjá t.d. [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Einnig hefði mátt hafa kort af helstu jarðminjum og tengja síðan þessar náttúrufarsupplýsingar við fyrirhugaða landnotkun (landbúnað, skógrækt, landgræðslu, ferðaþjónustu o.s.fr.) og svo m.a. við 61. gr. laga um náttúruvernd (s.s. sérstaka vernd votlendis og jarðminja) og aðrar greinar í lögnum sem kunna að eiga við, sjá hér að neðan. Þannig mætt fá mynd af áhrifum af skipulaginu og þá fjalla um hvernig skipulagið stuðlar að vernd, eða ekki, í samræmi við viðeigandi markmið í lögum um náttúruvernd. Framangreint á ekki eingöngu við svæði sem nú þegar eru friðlýst og/eða á náttúruminjaskrá heldur um náttúru svæðisins almennt en með framangreindri greiningu ætti að fást nokkuð góð mynd af því hvaða náttúrufar er verið að taka

undir hina ýmsu landnotkunarflokkka.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði skoðað hvernig væntanlegt aðalskipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*) , 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir* ) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni* ), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun er ljóst að þessi viðmið hafa upp að vissu marki verið skoðuð í skipulagsvinnunni hingað til en mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t allra framangreindra lagagreina þó þær eigi ýmist við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni og afstaða til þess hvaða áhrif skipulagið hefur á náttúru sveitarfélagsins byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>

Dags: 11.10.2017 22:02:38

Til: "postur@anr.is" <postur@anr.is>, "postur@for.is" <postur@for.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, "upplysingar@ferdamalastofa.is" <upplysingar@ferdamalastofa.is>, "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>, "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>, "hruni@fludir.is" <hruni@fludir.is>, "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>, Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>, "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>, "olb@vegagerdin.is" <olb@vegagerdin.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "ry@ry.is" <ry@ry.is>, "hronn@hekluskogar.is" <hronn@hekluskogar.is>, "veidimalastofnun@veidimal.is" <veidimalastofnun@veidimal.is>, "hruni@fludir.is" <hruni@fludir.is>, "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>

Efni: 1501092 - Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Endurskoðun

---

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur um nokkurt skeið unnið að heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Liggur nú fyrir tillaga að aðalskipulaginu og áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hún hér send umsagnaraðilum til kynningar.

Gögn aðalskipulagsins má nálgast á vefsíðinni

<http://www.sbf.is/skipulagsauglysing-sem-birtist-12-oktober-2017/>

Óskað er eftir að umsagnir berist innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs.

*Með kveðju,  
f.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

---

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi

#### **Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita**

Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Sími: 480 5550

Netfang: [petur@utu.is](mailto:petur@utu.is)

Vefsíða: [www.sbf.is](http://www.sbf.is)

